



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 131/977

komudagur 7.3.2005

Alþingi

Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.03.2005
Tilvísun: 2005020029

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lágmarkslaun, 306. mál

Alpýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lágmarkslaun, 306. mál.

Verkalýðshreyfingin hefur í kjarasamningum lagt áherslu á að hækka lágstu launin. Nokkuð hefur áunnist í þeim efnum á liðnum árum. Á sama tíma hefur hins vegar dregið úr tekjujöfnun skattkerfisins og velferðarkerfið veikst.

Alpýðusambandið telur að lögbinding lágmarkslauna mun ekki skila þeim árangri sem flutningsmenn frumvarpsins vænta. Til að bæta hag þeirra lágst launuðu er eðlilegra að ríkisvaldið auki tekjujöfnun í gegnum skattkerfið og efli velferðarkerfið.

Í ljósi framangreinds mælir Alpýðusambandið ekki með samþykkt þessa frumvarps.

F.h. Alpýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Hagfræðingur ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 131/937
komudagur 2.3.2005



Félag
Einstæðra
Foreldra

28. febrúar 2005

Nefndarsvið Alþingis
Félagsmálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um lágmarkslaun, 306.mál

Stjórn félags einstæðra foreldra styður umrætt frumvarp.

Stjórnin vil jafnframt, að þess verði gætt að sú kjarabót sem lágmarkslaunum er ætlað að koma til láglaunafólks sé til frambúðar.

Nauðsynlegt er að gæta þess að opinber gjöld, skattalækkun, matarskattur, persónuafsláttur, barnabætur o.s.frv auk þess að tekjumörk tekjutengdra bóta hækki einnig.

F.h. stjórnar FEF

Ingimundur Sveinn Pétursson
Formaður FEF



Reykjavíkurborg
Félagsþjónustan

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1108
komudagur 21.1/1108⁰⁵

Alþingi
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2005

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um lágmarkslaun, lagt fram á 131. löggjafarþingi 2004-2005, þskj. 334, 306. mál.

Vísað er til bréfs nefndarritara félagsmálanefndar, dags. 14.02.2005 vegna beiðni til Félagsþjónustunnar í Reykjavík um að veita umsögn um frumvarp til laga um lágmarkslaun. Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að svara erindi nefndarinnar.

Félagsþjónustan í Reykjavík styður setningu laga sem miða að því að lögbinda lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu. Samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð frá Félagsþjónustunni í Reykjavík getur fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri numið allt að kr. 84.245 á mánuði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem fram koma í reglunum. Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að kr. 134.792 á mánuði

Fjárhagsaðstoð var veitt til 2.680 einstaklinga árið 2000, til 2.980 einstaklinga árið 2001, til 3.565 einstaklinga árið 2002, til 3.802 einstaklinga árið 2003 og til 3.459 einstaklinga árið 2004.

Heildarfjárhæð veittrar fjárhagsaðstoðar til einstaklinga árið 2000 nam alls kr. 610.910.254. Árið 2004 nam fjárhæðin kr. 1.160.344.734. Frekari upplýsingar verða góðfúslega veittar ef þess er óskað

F.h. Félagsþjónustunnar í Reykjavík,

Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfr.

Afrit : Stjórnsýslu- og starfsmannasvið Reykjavíkurborgar.

Félagsþjónustan

Síðumúla 39 • 108 Reykjavík • Sími: 535 3000 • Bréfasími: 535 3039



Alþingi
Erindi nr. P 131/1135
komudagur 30.3.2005

ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi,
Félagsmálanefnd Alþingis,
150 Reykjavík.

Ísafirði, 22. mars 2005
Tilvísun: 2005020071
HH/ÞP

Efni: Frumvarp til laga um lámarkslaun, þingskjal 334 mál nr. 306.

Á fundi félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar þann 8. mars s.l., var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis varðandi umsögn um frumvarp til laga um lámarkslaun, þingskjal 334 mál. nr. 306. Afgreiðsla félagsmálanefndar var svohljóðandi.

„Minnihluti félagsmálanefndar telur að réttur launafólks til mannsæmandi launa gangi framur réttindum aðila vinnumarkaðarins til frjálsra samninga. Vinnumarkaðurinn hafi ekki tryggt að launafólk geti lifað af daglaunum sínum og því telur fulltrúi minnihluta, að rétt sé að setja lög sem kveða á um lágmarkslaun. Fulltrúinn tekur þó ekki afstöðu til upphæðarinnar.

Meirihluti nefndarinnar er mótfallinn því að takmarka rétt aðila vinnumarkaðarins til frjálsra samninga um launakjör."

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 21. mars s.l., þar sem ofangreind umsögn var á dagskrá, var samþykkt að senda hana félagsmálanefnd Alþingis.

Virðingarfyllt

Halldór Halldórsson

- bæjarstjóri -

Reykjavík, 21. febr. 2005

Alþingi
Erindi nr. **P** 131/830
komudagur 22. 2. 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 10
150 Reykjavík

Umsögn um 306. mál um lágmarkslaun

Samtök gegn fátækt fagna öllum hugmyndum um að greiða beri mannsæmandi laun fyrir dagvinnu. Lágmarkslaun kr. 138.500 á mánuði eru vissulega skref í rétta átt en þó enganveginn fullnægjandi til að ná því markmiði að launafólk á lægstu launum geti séð sér farborða án óhóflegrar yfirvinnu.

Virðingarfyllst,
f. h. Samtaka um fátækt,


Sigrún Ármanns Reynisdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 131/936
komudagur 2.3.2005



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917


SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2005.

Efni: Frv. til laga um lágmarkslaun (306. mál).

Verzlunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Eins og áður hefur komið fram í umsögn ráðsins um frumvörp um sama efni þá leggst Verzlunarráð gegn því að fjárhæð um lágmarkslaun sé bundin í lög.

Virðingarfyllst,
f.h. Verzlunarráðs Íslands,

Sigríður A. Andersen.

Póstáritun:
Verzlunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi
Erindi nr. P 131/1341
komudagur 15.4.2005

Reykjavík, 14. apríl 2005.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Efni: **Frumvarp til laga um lágmarkslaun.**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um lágmarkslaun, 306. mál á þskj. 334, lagt fram á 131. löggjafarþingi.

Öryrkjabandalag Íslands tekur undir efni frumvarpsins að öðru leyti en því að upphæðin sem nefnd er, samræmist ekki þeim upplýsingum sem eru fyrir hendi um framfærslukostnað einstaklinga. Bandalagið minnir jafnframt á að lágmarkslaun eru oftast nær bundin við skamma stund í ævi flestra. Undanþegnir eru ýmsir sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu og þar á meðal öryrkjar.

Hins vegar skal minnt á að ýmsir sem eru fatlaðir frá fæðingu verða að sætta sig við ævikjör sem eru bætur almannatrygginga. Því er lögð til eftirfarandi breyting:

Á eftir 1. gr. komi svo hljóðandi grein:

2. gr.

Fullar bætur almannatrygginga tii handa einstaklingum eða sambúðaraðilum, þ.e. grunnlífeyrir, tekjutrygging, heimilisuppbót og tekjutryggingarauki, samanber lög nr. 117/1993 og 118/193 með síðari breytingum, skulu ekki nema lægri fjárupphæð en þeim lágmarkslaunum sem kveðið er á hverju sinni í samningum á milli aðila vinnumarkaðarins eða með lögum.

Núverandi 2. gr. frumvarpsins verði 3. grein.

Fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands,

Arnbór Helgason

Arnbór Helgason, framkvæmdastjóri